

Framhaldsaðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 6. apríl 2016.

Aðalfundur VÍS fór fram miðvikudaginn 16. mars sl. Tveir karlkyns einstaklingar drógu framboð sín tilbaka við upphaf fundarins og var þar með einungis einn karlkyns einstaklingur í framboði en fjórir kvenkyns einstaklingar.

Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 3. mgr. 19. gr. samþykka félagsins skal hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins eigi vera lægra en 40%. Þar sem einungis einn karlkyns einstaklingur var í framboði til aðalstjórnar var orðið ljóst að niðurstaða stjórnarkjörs gat ekki orðið í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði og ákvæði samþykka félagsins.

Að tillögu fundarstjóra ákvað aðalfundur að fresta dagskrárlið nr. 6 um stjórnarkjör í félaginu til framhaldsaðalfundar. Var stjórn falið að boða til framhaldsaðalfundar sem skyldi haldinn innan 3 – 4 vikna frá aðalfundinum og auglýsa eftir nýjum framboðum, sbr. 2. másl. 5. mgr. 19. gr. samþykka félagsins.

Stjórn VÍS boðaði þann 16. mars sl. til framhaldsaðalfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 6. apríl nk. kl. 17:00 í höfuðstöðvum VÍS að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Eina mál á dagskrá þess fundar er *kosning stjórnar*.

Frestur til að tilkynna um ný framboð til stjórnar á stjorn@vis.is lýkur fimm dögum fyrir framhaldsaðalfundinn, föstudaginn 1. apríl 2016, kl. 16:00. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir framhaldsaðalfundinn.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Hluthafar geta einnig látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar fundurinn fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi.

Hluthafafundurinn er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku en hluthafafundurinn fer einnig fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa á fundinum má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.